



Mætt voru Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Bjarney Jónsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun

Fjallað um fjárhagsramma sveitarfélagsins út frá fjármálareglum. Vilji er til að halda svipuðu þjónustustigi áfram.

2. Úrgangsmál

Kostnaður við úrgangsmál er afar mikill og nokkrir kostir eru í boði, ákveðið að halda íbúafund og kanna vilja íbúa í þeim málum.

3. Kálfshamarsvík

Fyrir liggja samningsdrög á milli Saura og Skagabyggðar varðandi girðingarframkvæmdir og aðgengi ferðamanna að Framnesi. Oddvita falið að ganga frá undirritun Oddvita falið að gera og ganga frá samsvarandi samningi við eigendur Kálfshamars.

Sótt verður um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna girðingar samkvæmt deiliskipulagi. Hreinsun eldri girðinga úr landinu, Lagningu trébrúa yfir vot svæði og hnitsetningu og stikun göngustíga samkvæmt deiliskipulagi. Einnig verður sótt um í sjóðinn styrk vegna heildar hönnunar á svæðinu. Skoðað verður einnig að sækja um styrk til þessa verkefna í uppbyggingasjóð SSNV.

4. Byggðasamlög - slit

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Sveitarfélaginu Skagaströnd um slit á byggðasamlögum í A Hún. Skagabyggð tekur undir mikilvægi þess að gera verkáætlun og leggur til að Erla Jónsdóttir fari með málið fyrir hönd Skagabyggðar.

Sveitastjórn furðar sig á bókun Húnabyggðar varðandi slit byggðasamlagana frá 12 september 2023, þar sem því er haldið fram að tilboðum Húnabyggðar sé ekki svarað þá vill sveitastjórn Skagabyggðar koma því á framfæri að engu formlegu erindi sé ósvarað.

5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Afgreiðslu málsins er frestað.

6. Skagabúð - vatnsmál og rekstur

Rætt um útfærslu á vatnsöflun.

7. Byggingar- og skipulagsfulltrúi Skagabyggðar

Oddvita falið að leita lausna varðandi byggingar- og skipulagsfulltrúa

8. Málefni fatlaðra

- **Rekstraryfirlit jan-jún 2023**

Lagt fram til kynningar.



- **Ársskýrsla 2022**

Lögð fram til kynningar.

- **Reglur um notendasamninga**

Sveitastjórn samþykkir reglurnar og felur oddvita að annast undirritun þeirra.

9. Skipun í Samgöngu- og innviðanefnd SSNV

Sveitastjórn skipar Vigni Sveinsson í nefndina.

10. Bréf

a) Farskólinn - Rekstrarstyrkur/vildargjald fyrir árið 2024

Fyrir fundinum lá beiðni um rekstrarstyrk að upphæð 19 þúsund. Samþykkt.

b) INR - mótun málstefnu sveitarfélagsins

Sveitarfélaginu ber skylda samkvæmt sveitastjórnarlögum að setja sér málstefnu. Oddvita falið að móta drög að málstefnu.

c) Stígamót - Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2024

Fyrir fundinum lá beiðni um styrk til Stígamóta. Beiðni er hafnað.

d) Samkeppniseftirlitið - samkeppnisaðstæður á flutningamarkaði

Lagt fram til kynningar.

e) Markaðsstofa Norðurlands - Aðgerðaráætlun fyrir ferðaþjónustustefnu til ársins 2030

Samþykkt að senda inn fyrirbyggjandi drög að tillögum til áfangastaðaáætlunar Norðurlands fyrir ferðaþjónustustefnu.

f) Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands - Aðalfundarboð

Boð á aðalfund 6 október, lagt fram til kynningar

g) Skíðadeild UMF Tindastóls -

Fyrir fundinum lá beiðni um samtal um rekstrarstyrk til skíðasvæðisins. Oddvita er falið að taka það samtal.

h) INR - umsögn innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar

Lagt fram til kynningar

11. Fundargerðir

a) Fundargerðir 931-932. funda Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar

b) Fundargerðir 96-98. fundar SSNV

Lagðar fram til kynningar

c) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A.Hún 5. sept 2023

Lögð fram til kynningar

d) Fundargerðir 2 og 3 í framkvæmdaráði um barnavernd á Mið-Norðurlandi

Lagðar fram til kynningar

e) Fundargerðir 5 og 6 í framkvæmdaráði um málefni fatlaðs fólks Nlv.

Lagðar fram til kynningar

12. Önnur mál

a) Námur

Umræða um grjótnám umgengni og frágang í námum og akstur efnis um vegi í sveitarfélaginu. Oddvita er falið að gera tillögu um reglur varðandi efnistöku til þriðja aðila

b) Beiðni um framkvæmdaleyfi, Vinnuvélar Símonar ehf

Umsóknin er fyrir efnistöku úr Hvammkotsnámu, til að klára verkefni sem áður var samþykkt. Leyfi er veitt fyrir hámarki 25 ferðum á 4 öxla bílum, í samráði við efnissala, með skilyrðum um góðar frágang á námu.



c) Samningur um samstarf Höfðahrepps og Skagabyggðar

Leitað hefur verið eftir leiðréttingum á útfærslum sem ekki hafa gengið ekki. Oddvita er falið að segja samningnum upp.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:20

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Bjarney R Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson